

Frá gestaritstjórum

Sérhefti um byggðarannsóknir fylgt úr hlaði

Þótt byggðafélagsfræði (e. *rural sociology*) sé ein elsta undirgrein félagsfræðinnar og eigi rætur sínar að rekja til til klassískra félagsfræðikenninga Durkheim, Tönnies og Simmel er hún einnig óaðskiljanlegur hluti þverfaglegra byggðarannsókna (e. *rural studies*). Í raun má finna byggðavinkil á nánast öllum samfélagslegum viðfangsefnum og nánast allir slíkir vinklar hafa skírskotun til byggðafélagsfræðinnar. Þetta tvíþætta eðli byggðafélagsfræðinnar endurspeglast í þessu sérhefti Íslenska Þjóðfélagsins um byggðarannsóknir þar sem rétt um helmingur höfunda eru félagsfræðingar en aðrir höfundar koma af sviðum félagsráðgjafar, hagfræði, lýðheilsu, mannfræði, menntunarfræði sagnfræði, sálfræði, stjórnmálafræði og umhverfis- og auðlindafræði.

Í yfirlitgrein um íslenskar landsbyggðir og byggðafélagsfræði sem annar ritstjóra þessa sérheftis birti í Íslenska Þjóðfélaginu árið 2019 er fjallað um þrjátíu ára samfellda sögu byggðarannsókna hér á landi. Þar eru helstu viðfangsefni slíkra rannsókna reifuð, jafnframt því sem athygli er vakin á ýmsum viðfangsefnum sem ástæða væri til að rannsaka nánar. Þær tíu greinar sem hér birtast bæta með ýmsum hætti við þann þekkingargrunn íslenskrar byggðafélagsfræði.

Þannig hefur til dæmis verið verulegur skortur á rannsóknum á velferð, fátækt og félagsþjónustu á Íslandi frá sjónarhóli byggðafraeðinnar. Í þessu sérhefti sýna Bjarki Þór Grönfeldt og Vífill Karlsson fram á að þótt lítill munur sé almennt á ánægju íbúa í dreifbýli með þjónustu sveitarfélagsins eftir því hvort um hrein dreifbýlissveitarfélög eða blönduð sveitarfélög sé að ræða, er marktækt minni ánægja með þjónustu við ungt fólk í hreinum dreifbýlissveitarfélögum. Þá fjalla Jónína Einarsdóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir um mikilvægi sjálfbodaliðastarfs sem sprettur úr fámenni og margvíslegum áskorunum brothættra byggða. Ak þess sem samstarf heimafólks eflir byggðarlögin inn á við bera erlendir sjálfbodaliðar nýja strauma til samfélaganna og skapa tengsl sem viðhaldast oft til lengri tíma.

Þetta samspil formlegra og óformlegra þátta skipta sérstaklega máli þegar áföll á borð við náttúruhamfarir dynja yfir landsbyggðarsamfélög. Í rannsókn sinni í Árneshálsi sýna Ragnheiður Hergeirsdóttir, Guðný Björk Eydal og Sólveig Þorvaldsdóttir fram á mikilvægi þess að félagsþjónustan sé vel undirbúin fyrir náttúruhamfarir með verklagsreglum og gátlistum og starfsfólk fái reglubundna fræðslu og æfingar í takt við raunhæfar sviðsmyndir.

Í ljósi fyrri rannsókna á stöðu og framtíðaráforma ungs fólks og stöðu kynjanna í

dreifðum byggðum er áhugavert að Eyrún M. Rúnarsdóttir sýnir fram á að sálíkamleg líðan unglinga er almennt betri utan höfuðborgarsvæðisins að teknu tilliti til kyns, efnahags fjölskyldu og vinatengsla. Anna Guðrún Edvardsdóttir, Óskar Kristjánsson og Hugrún Harpa Reynisdóttir sýna hins vegar fram á hvernig ríkjandi karlmennsku-hugmyndir í dreifðari byggðum valda álagi hjá ungum karlmönnum, jafnframt því að hindra þá í að leita sér aðstoðar.

Þótt áhrif vegasamgangna og samgöngubóta í dreifðum byggðum hafi talsvert verið rannsökuð hér á landi hefur samfélagslegum áhrifum flugsamgangna lítt verið sinnt. Þóroddur Bjarnason, Jón Þorvaldur Heiðarsson og Guðný Rós Jónsdóttir lýsa því hvernig skipulag alþjóðaflugs hefur jaðarsett dreifðar byggðir á Íslandi og sýna fram á tækifæri og áskoranir þess að koma á beinu millilandaflugi frá öðrum landshlutum en suðvesturhorninu.

Rannsóknir á sjávarbyggðum hafa verið fyrirferðarmiklar í íslenskir byggðafræði en megináherslan hefur þó verið á kvótakerfið og aðra þætti sem grafið hafa undan byggðafestu þeirra á síðustu áratugum. Minna hefur verið fjallað um samspil stjórnvaldsaðgerða, útgerða og fjármálafyrirtækja í árdaga íslenskra sjávarbyggða og er því söguleg greining Helga Skúla Kjartanssonar á félagslegu framtaki í atvinnulífi á Eskifirði 1925–1937 mikilvægt framlag til skilnings á sjávarbyggðum samtímans. Að frátöldum rannsóknum á byggðaáhrifum háskólastofnana hefur hins vegar lítið verið fjallað um þau opinberu störf sem skipta miklu máli á vinnumarkaði víða um land. Hjördís Sigursteinsdóttir sýnir að þótt landfræðileg staðsetning hafi ekki bein áhrif á streitu starfsfólks hins opinbera er slík streita meiri í landsbyggðarsveitarfélögum þegar tekið er tillit til fjárhagsstöðu sveitarfélaganna.

Aðflutningur fólks af erlendum uppruna hefur haft mikil áhrif á byggðaþróun víða um land og staða og líðan innflytjenda á vinnumarkaði skiptir miklu máli um framtíðina. Vífill Karlsson og Bjarki Þór Grönfeldt sýna fram á mikilvægan mun á stöðu innflytjenda á vinnumarkaði eftir búsetu. Staða innflytjenda er almennt verri en þeirra sem eru af íslenskum uppruna en ánægja innflytjenda með tekjur og búsetu er þó meiri í dreifum byggðum en á höfuðborgarsvæðinu. Í dreifðum byggðum eru innflytjendur sem vinna við sjávarútveg þó síður ánægðir en innflytjendur sem vinna við ferðaþjónustu eða landbúnaðarstörf. Kolbeinn Stefánsson sýnir hins vegar fram á að búsetumynstur pólskra innflytjenda í Reykjavík er talsvert frábrugðið búsetumynstri borgarbúa með íslenskan bakgrunn. Í ákveðnum hverfum borgarinnar er umtalsverð samþjöppun pólskra innflytjenda sem hafa búið hér stutt og hafa lægri tekjur en innflytjendur sem hafa búið lengur hér á landi og hafa hærri tekjur dreifast í tiltekin úthverfi.

Fjölbreytni þeirra greina sem birtast í þessu sérhefti endurspeglar vaxandi áhuga félagsvísindafólks úr ólíkum fræðigreinum á byggðavinkli margvíslegra samfélagslegra viðfangsefna. Það er von okkar að útgáfa sérheftisins geti verið liður í því að styrkja íslenskar byggðarannsóknir til framtíðar.

Þóroddur Bjarnason og Anna Guðrún Edvardsdóttir